

Ársskýrsla 2009



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Útgefandi: Ríkislögreglustjórinn

www.rls.is

www.logreglan.is

www.almannavarnir.is

Umsjón og umbrot: Pétur Berg Matthíasson stjórn mála- og stjórnsýslufræðingur


Yfirmenn sviða hjá ríkislögreglustjóra tóku saman efni, hver um sitt svið

Hönnun forsiðu: Grafika ehf.

Ljósmyndir: Foto.is sf. Júlíus Sigurjónsson o.fl.

Prentvinnsla: Svansprent ehf.

Útgefið: Júní 2010



Ríkislögreglustjórnin

Ársskýrsla 2009

Rekstur og starfsemi

Efnisyfirlit

Formáli.....	7
Skipulag og rekstur lögreglunnar.....	9
Skipulag lögreglunnar	9
Yfirstjórn	9
Löggæsluáætlun 2007-2011.....	9
Markmið löggæsluáætlunar fyrir árið 2009	10
Brotaflokkar, þjónustustig og traust	12
Árangursstjórnun og árangursmælingar	13
Starfsmenn lögreglunnar	14
Útgjöld til löggæslumála	15
Ríkislögreglustjóri	21
Hlutverk	21
Skipulag og yfirstjórn embættisins.....	21
Markmið.....	22
Rekstrarsvið	25
Rekstur	25
Fatnaður og búnaður lögreglumanna	25
Bílamiðstöð	26
Rekstur ökutækja	28
Tölvudeild.....	29
Löggæsla og öryggi.....	33
Almannavarnadeild	33
Alþjóðadeild	35
Fjarskiptamiðstöð.....	37
Formennska í NATO Special Committee	39
Greiningardeild	39
Sérsveit.....	40
Öryggismál	41

Stjórnsýslusvið	43
Afbrotatölfræði	43
Reynsla landsmanna af afbrotum og viðhorf til lögreglunnar	43
Mannauðskerfið og starfsmannastefnan	43
Skilgreining á grunnþjónustu lögreglunnar	44
Jafnréttis- og framkvæmdaáætlun lögreglunnar	44
Skipulag forvarnamála.....	45
Forvarnir, rannsóknir og samstarf.....	45
Félagastuðningur.....	46
Málþing ríkislögreglustjóra um framtíðarskipan lögreglunnar.....	47
Samstarf við sveitarfélög.....	48
Samstarf við Lögregluskólann	48
Rannsókn á heimilisofbeldi	49
Afbrotavarnaráð Norðurlandanna	49
ID-nefndin (kennslanefnd), tæknimálefni og lögreglukerfið	50
Lögregluhundar	50
Fíkniefnalöggæsla.....	51
Umferðarlöggæsla.....	51
Efnahagsbrotadeild og peningaþvættisskrifstofa.....	52
Leiðbeiningar og reglur	53



Formáli

Lögreglumenn standa enn og aftur frammi fyrir miklum skipulagsbreytingum. Í lok árs komu út tvær skýrslur, önnur frá ríkislögreglustjóra um grunnþjónustu lögreglunnar og hin frá dómsmálaráðherra um sameiningu lögregluembætta. Í skýrslu dómsmálaráðherra var lagt til að lögregluumdæmum yrði fækkað úr 15 í 6 og yfir þau settir lögreglustjórar sem eingöngu sinntu lögreglustjórn. Ríkislögreglustjóri hefur um árabíl bent á mikilvægi þess að fækka lögreglustjórum og aðskilja lögreglustjórn frá sýslumannsstarfinu og fagnar því lagafrumvarpi dómsmálaráðherra hvað þetta varðar.

Á sama tíma og lagt er af stað í miklar skipulagsbreytingar stendur lögreglan frammi fyrir fordæmalausum niðurskurði. Fjárveitingar til embættis ríkislögreglustjóra hafa verið skornar niður um 200 m.kr. árin 2009 og 2010 og er áætlað að fjárheimildir næstu ára verði enn frekar skertar. Svo mikill niðurskurður á fjárveitingum hefur að sjálfsögðu áhrif á þjónustu og starfsemi embættisins.

Eftir hrun bankanna haustið 2008 varð að ráði, í samstarfi við ríkislögreglustjóra og Sigurð Tómas Magnússon prófessor, að Björn Bjarnason dóms- og kirkjumálaráðherra flytti frumvarp til laga á Alþingi um embætti sérstaks saksóknara. Meðferð efnahagsbrotamála stendur á tímamótum með tilkomu þess embættis.

Ríkislögreglustjóri hefur ítrekað vakið athygli á því að endurskoða þyrfti fyrirkomulag skatta- og efnahagsbrotarannsókna. Ríkisendurskoðun hefur lagt til í stjórnarsýsluúttekt á embætti ríkislögreglustjóra að kannaðir verði kostir og gallar þess fyrirkomulags að samræma starfsemi skattrannsóknarstjóra og efnahagsbrotadeildar vegna tvíverknaðar sem felst í fyrirkomulagi rannsókna alvarlegra skattalagabrota. Með tilkomu embættis sérstaks saksóknara þarf að ákveða framtíðarfyrirkomulag skatta- og efnahagsbrotamála og meta kosti þess að sameina efnahagsbrotadeild og sérstakan saksóknara og starfsemi annarra ríkisstofnana á þessu sviði.


Júní 2010

Haraldur Johannessen
ríkislögreglustjóri



Skipulag og rekstur lögreglunnar

Skipulag lögreglunnar



Yfirstjórn

Dómsmálaráðherra er æðsti yfirmaður lögreglunnar. Ríkislögreglustjóri fer með málefni lögreglunnar í umboði hans, sbr. 4. gr. lögreglulaga. Aðsetur ríkislögreglustjóra er á Skúlagötu 21 og í Skógarhlíð 14 í Reykjavík.

Lögreglustjórar fara með stjórn lögregluliðs, hver í sínu umdæmi. Þeir annast daglega stjórn og rekstur lögreglunnar í umdæmi sínu og bera ábyrgð á framkvæmd lögreglustarfa innan þess, sbr. 3. mgr. 6. gr. lögreglulaga, en auk þess eru þeim falin ýmis önnur verkefni í lögum, svo sem yfirstjórn leitar- og björgunarmála á landi, sbr. 4. mgr. 6. gr. lögreglulaga. Dómsmálaráðherra er æðsti yfirmaður almannavarna og annast ríkislögreglustjóri málefni almannavarna í umboði hans sbr. lög um almannavarnir nr. 82/2008.

Löggæsluáætlun 2007-2011

Stefnu stjórnvalda í löggæslumálum má finna í löggæsluáætlun 2007-2011. Í henni er kveðið á um markmið lögreglunnar til næstu ára og hvernig lögreglan muni meta árangur á hverju ári. Tilgangurinn er að tryggja að lögreglan, stjórnvöld og almenningur geti greint árangur og það sem betur má fara í starfsemi lögreglunnar. Lögreglan mun meta störf sín út frá þremur meginflokkum: a) markmiðum um fækkun afbrota í tilteknum brotaflokkum, b) markmiðum um bætt þjónustustig og traust almennings á lögreglunni, og c) markmiðum er tengjast innra starfi lögreglunnar.



Markmið löggæsluáætlunar fyrir árið 2009

Í löggæsluáætlun er komið sérstaklega inn á innri starfsemi lögreglunnar og þau verkefni sem inna þarf af hendi til að bæta m.a. starfsumhverfið, búnað og aðferðir lögreglunnar. Í löggæsluáætlun voru tilgreind verkefni sem ljúka átti á árinu 2009. Hér að neðan má sjá stutta samantekt um stöðu þessara verkefna.

1. Taka upp hugbúnað til sjálfvirkis álesturs númeraplatna – Lokið í árslok 2009

Vegna fjárhagslegrar stöðu ríkisins og kröfu um aðhald og sparnað í rekstri embætta hefur ríkislögreglustjóri ekki getað hafið undirbúning að þessu verkefni. Verkefnið hefur verið tekið af áætlun embættisins fyrir næstu ár.

2. Unnið að endurnýjun og fjölgun eftirlitsmyndavéla í miðborg Reykjavíkur í samstarfi við Reykjavíkurborg – Lokið í árslok 2009

Endurnýjun og fjölgun eftirlitsmyndavéla í miðborg Reykjavíkur er samstarfsverkefni borgarinnar og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

3. Efla tækjabúnað og ljúka fjölgun í sérsveitinni – Lokið í árslok 2008

Haldið var nýliðanámskeið haustið 2008 og stefnt að því að taka inn sjö nýja sérsveitarmenn 1. nóvember sama ár. Vegna fjárhagslegrar stöðu ríkisins og niðurskurðar í fjárlögum til lögreglunnar var inntöku nýrra meðlima frestað. Fjárveitingar hafa ekki staðið undir því að ljúka við að efla tækjabúnað sveitarinnar. Markmiðinu hefur því ekki verið náð og er enn óvíst hvort því verður haldið til streitu.

4. Endurskoða starfsmannastefnu lögreglunnar – Lokið í árslok 2008

Ríkislögreglustjóri skipaði starfshóp til að endurskoða starfsmannastefnu lögreglunnar í loks árs 2009. Starfshópnum voru falin þau verkefni að endurskoða starfsmannastefnu lögreglunnar, leggja mat á innihald núverandi stefnu og leggja fram tillögur til breytinga á stefnunni ef þörf er á því. Við endurskoðun

starfsmannastefnunnar skal m.a. hugað að upphaflegum markmiðum hennar. Starfshópurinn mun gera skýrslu með helstu niðurstöðum og tillögum og skila ríkislögreglustjóra á árinu 2010.

5. Innleiða félagastuðning fyrir lögreglumenn – Lokið á árinu 2008

Á árinu 2009 luku síðustu embættin við innleiðingu á verklagi félagastuðnings og starfar því lögreglan í heild eftir því verklagi.

6. Þróa upplýsingakerfi utan starfsstöðva fyrir lögreglu – Lokið fyrir júlí 2008

Unnið var að verkefninu á árinu. Í ljós kom að mörg úrlausnarefni voru sameiginleg þessu verkefni og þróun á gagnvirkum vef lögreglunnar.

7. Rannsókn á tíðni og eðli ofbeldisbrota – Lokið í árslok 2008

Um sumarið 2008 hófst samstarfsverkefni milli ríkislögreglustjóra og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu sem sneri að rannsókn á heimilisofbeldi. Áætlað var að ljúka við gerð skýrslunnar árið 2009. Það tókst ekki en lokið verður við gerð hennar árið 2010.

8. Kostnaðarbókhald fyrir lögregluna – Lokið í árslok 2008

Lokið var við forritunarvinnu við fjárhagskerfi ríkisins og lögreglakerfið á árinu. Hægt er að kalla fram málsnúmer úr lögreglakerfinu inn í vinnustundakerfi og færa þar inn tíma á einstaka verkliði. Jafnframt er hægt að færa annan kostnað inn í fjárhagskerfin á málsnúmer. Áfram verður unnið að innleiðingu á kostnaðarbókhaldi hjá lögreglunni.

9. Innleiða nýjan vef með gagnvirkum samskiptum við upplýsingakerfi lögreglunnar – Lokið í árslok 2007

Með nýjum vef er ætlunin að bjóða upp á þjónustu á lögregluvefnum sem er sambærileg og veitt er á lögreglustöðvum. Markmiðið er að nýtt fyrirkomulag auðveldi almenningi leyfaumsóknir og upplýsingaöflun hjá lögreglunni. Áætlað er að það muni dragi úr vinnu hjá lögreglunni við meðhöndlun og innslátt tengdra gagna. Einnig er þess vænst að þjónusta lögreglunnar verði skilvirkari og að almenningur finni að þjónusta lögreglunnar hafi batnað.

Samið var við TM Software hf. um smíði á nýju vefkerfi fyrir lögregluna. Um er að ræða kerfið MS SharePoint sem er ætlað að leysa eldri kerfi af hólmi. Helstu kerfishlutar verða eftirfarandi: ytri vefur, innri vefur, aðgerðastjóri og þjónustuvefur fyrir lögreglumenn.

Brotaflokkar, þjónustustig og traust

Í löggæsluáætlun er kveðið á um að lögreglan muni meta störf sín og árangur út frá því hversu vel hafi tekist til að ná markmiðum um fækkun tiltekinna brota. Einnig mun mat á starfi lögreglunnar byggjast á könnunum um öryggistilfinningu borgaranna og trausti þeirra á störfum hennar. Hingað til hefur lögreglan einblínt á afbrotatíðni en með tilkomu löggæsluáætlunar verða þættir eins og traust, öryggistilfinning, viðhorf og mat á þjónustupáttum metnir kerfisbundið og niðurstöður notaðar við stefnumótun og markmiðasetningu til framtíðar.

Polendakannanir hafa verið skilgreindar sem lykiltæki til að meta hvort lögreglan sé að ná þeim markmiðum sem sett eru í löggæsluáætlun til ársins 2011. Í samræmi við áherslur í löggæsluáætlun stóð ríkislögreglustjóri, í samvinnu við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, að gerð þolendakönnunar fyrir árið 2008 og voru niðurstöður hennar birtar opinberlega í skýrslu frá ríkislögreglustjóranum í júlí 2009. Nánar er fjallað um niðurstöðurnar í kaflanum um stjórnsýslusvið.

Í töflu A má sjá ákveðna brotaflokka sem sérstök áhersla er lögð á skv. löggæsluáætluninni. Eins og fram kemur í töflunni hér að neðan hefur hegningarlagabrotum fjölgað umtalsvert á síðustu þremur árum. Meðalfjöldi hegningarlagabrota árin 2007-2009 var um 3% meiri (459) en á tímabilinu 2006-2008 (447) en markmiðið var að fækka þessum brotum um 2%. Auðgunarbrotum fjölgaði mikið á tímabilinu, eða um rúmlega 11%, úr 226 í 250, en þjófnaðarbrotum og innbrotum fjölgaði verulega í kjölfar efnahagshrunsins í október 2008. Brotum gegn lífi og líkama fækkaði hins vegar á tímabilinu um 4%, voru 52 á tímabilinu 2007-2009 samanborið við 54 brot árin 2006-2008.

Tafla A. Brotaflokkar

Brotaflokkar	Svæði	Meðalfjöldi* brota 2006-2008	Markmið 2009	Meðalfjöldi brota 2007-2009
Hegningarlagabrot	Allt landið	447 brot miðað við 10.000 íbúa (meðalfjöldi síðustu þriggja ára)	Fækka um 2% 438	459
Auðgunarbrot	Allt landið	226 brot miðað við 10.000 íbúa (meðalfjöldi síðustu þriggja ára)	Fækka um 2% 221	250
Brot gegn lífi og líkama***	Allt landið	54 brot miðað við 10.000 íbúa (meðalfjöldi síðustu þriggja ára)	Fækka um 2% 53	52

* Tekið er meðaltal síðustu þriggja ára miðað við tíu þúsund íbúa.

**Brot gegn lífi og líkama eru annars vegar kynferðisbrot og hins vegar manndráp og líkamsmeiðingar.

Lögreglan hefur undanfarin ár mælst með næstmesta traustið skv. árlegum mælingum Þjóðarpúls Gallups á trausti almennings til stofnana ríkisins. Breyting varð á því á árinu 2009 og mælist nú traust meðal þjóðarinnar mest til lögreglunnar af þeim stofnunum og embættum sem voru með í könnuninni. Traust á störfum lögreglunnar jókst um 2 prósentustig, úr 79% árið 2008 í 81% árið 2009. Traust á störfum lögreglunnar hefur ekki mælst svona mikið síðan mælt var í fyrsta sinn árið 1993, þá mældist traust til lögreglunnar 83%.

Tafla B. Traust til lögreglunnar (sjá nánar löggæsluáætlun 2007-2011)

Starfsemi	Embætti	Markmið 2009	Niðurstaða 2009*	Markmið 2011
Hlutfall almennings sem ber traust til lögreglunnar	Allt landið	80%	81% almennings bera traust til lögreglunnar	80%

* Gallup gerir könnun á trausti í janúar/febrúar ár hvert. Tekið er mið af könnun sem gerð var í febrúar 2010 og birt í mars 2010 til að meta traust á árinu 2009.

Í löggæsluáætlun var traust til lögreglunnar skilgreint sem mælikvarði og er markmið hennar að traust sé 80% á hverju ári til ársins 2011.

Árangursstjórnun og árangursmælingar

Í öllum árangursstjórnunarsamningum er kveðið á um skyldur og ábyrgð samningsaðila, m.a. ber lögregluembættum að skila ársskýrslu og ársáætlun á hverju ári. Ríkislögreglustjóri leiðbeinir embættum um forsendur fyrir stefnumörkun, tekur afstöðu til gagna og metur árangur af starfsemi embættanna. Ríkislögreglustjóri skilar ársskýrslu til dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins, þar sem gerð er grein fyrir árangri af starfi lögregluembættanna með samanburði við þau markmið sem birt eru í ársáætlun.

Afrakstur og útkoma lögreglunnar er metin út frá mælikvörðum sem fram koma í löggæsluáætlun 2007-2011. Árangursmælingar eiga að vera öflugt stjórnæki og hefur fjármálaráðuneytið skilgreint hvernig mælikvarðar þurfa að vera til að svo megi verða. Það er ljóst að í upphafi, þegar byrjað er að nota mælikvarða sem ekki hafa verið notaðir áður, verða niðurstöður ekki alveg í samræmi við markmiðin.

Starfsmenn lögreglunnar

Alls voru 712 lögreglumenn (lögreglumenn sem lokið hafa prófi frá Lögregluskólanum og afleysingamenn) starfandi þann 1. febrúar 2009. Þar við bætast 78 héraðslögreglumenn og 44 lögreglunemar sem voru við nám í Lögregluskólanum í byrjun árs 2009. Um er að ræða umtalsverða fjölgun milli ára en árið 2008 voru 660 lögreglumenn við störf. Þessi fjölgun hélst hins vegar ekki út árið eins og sjá má á mynd eitt um ársverk lögreglunnar á árinu 2009. Ársverkum fækkaði samanborið við árið 2008. Það sem skýrir þessa miklu fjölgun í byrjun árs 2009 er að þá voru um 20 lögreglumenn á tímabundnum ráðningarsamningum auk þess sem afleysingamönnum fjölgaði úr 14 í 26 frá árinu 2008 en fækkaði síðan þegar leið á árið.

Tafla 1. Fjöldi lögreglumanna 1. febrúar árið 2009 eftir starfsstigum

Umdæmi/embætti	Yfir lögregluþjónn	Aðstoðaryfir lögregluþjónn	Aðalvarðstjóri / Lögreglufultrúi	Varðstjóri / Rannsóknarlögreglum.	Aðstoðarvarðstjóri	Lögreglumaður	Afleysingamaður	Samtals starfandi lögreglumenn	Héraðslögreglumaður	Lögreglunemar	Alls
Akranes	1		1	4		5	2	13			13
Akureyri	1	1	3	9	1	24	2	41	5	2	48
Blönduós	1			2		3		6	7		13
Borgarnes	1		1	3		4		9	10		19
Eskifjörður	1		2	4		6	1	14	11	1	26
Húsavík	1			4		4		9	5		14
Hvolsvöllur	1		1	2		7		11	4	1	16
Höfuðborgarsvæðið	4	12	38	147	1	116	1	319		6	325
Lögregluskólinn	2		7					9		28	37
Ríkislögreglustjórnin	2	11	33	19		27		92			92
Sauðárkrúkur	2			4		3		9	6		15
Selfoss	1	1	1	9		16	2	30		4	34
Seyðisfjörður	1		1	4	1	5		12	10		22
Snæfellsnes	1			2		4		7	5		12
Suðurnes	3	6	14	24	2	33	14	96		2	98
Vestfirðir	1	1	3	7		8	4	24	15		39
Vestmannaeyjar	1		1	5		4		11			11
Samtals	25	32	106	249	5	269	26	712	78	44	834

Útgjöld til löggæslumála

Á árinu 2009 námu heildarútgjöld til löggæslu ríflega 7,8 milljörðum króna, samanborið við rúmlega 7,2 milljarða árið 2007. Hér að neðan má sjá töflu um útgjaldaþróun til löggæslumála eftir umdæmum samkvæmt ríkisreikningi fyrir árin 2007-2009. Þegar útgjöld lögregluembættanna og Lögregluskólans eru skoðuð má greina mikla hækkun frá árinu 2007 til ársins 2008 hjá Lögregluskólanum, eða um 48%. Að hluta til skýrir fjölgun brautskráðra lögreglunema þessa hækkun, árið 2007 var enginn lögreglunemi útskrifaður en þeir voru 77 árið 2008. Almennt er kostnaður yfirstjórna lögregluembætta þar sem sýslumaður er jafnframt lögreglustjóri ekki talinn til útgjalda lögreglunnar þar sem þau eru á öðrum lið í fjárlögum og erfitt er að meta framlag hvers og eins sýslumanns til lögreglustarfsins. Þetta er meginástæðan fyrir því að greina má mikla útgjaldaaukningu hjá lögreglunni á Suðurnesjum árið 2009 samanborið við árið 2008. Þann 1. janúar 2009 voru verkefni tengd tollamálum og öryggismálum á Keflavíkurflugvelli færð frá embættinu. Fyrir vikið er hægt að greina kostnað vegna yfirstjórnar embættisins með einfaldari hætti en áður. Áætla má að þau hafi verið um 180 milljónir kr. árið 2008 og því ættu heildarútgjöld til lögreglumála á Suðurnesjum árið 2008 að vera nærri 950 milljónum kr.



Tafla 2. Útgjaldaþróun ríkissjóðs* vegna löggæslu árin 2007, 2008 og 2009

Heiti stofnunar	2007	2008	2009
Ríkislögreglustjóri**	1.316.777.743	1.459.654.266	1.432.553.985
Lögregluskóli ríkisins	169.427.736	250.888.483	220.359.260
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	3.155.093.316	3.304.274.488	3.234.406.556
Lögreglustj. á Suðurn. og sýslumaður***	751.192.238	786.013.945	961.149.821
Lögreglustjórinn á Akranesi	108.542.109	113.273.613	118.199.011
Lögreglustjórinn í Borgarnesi	112.776.724	118.998.679	113.045.917
Lögreglustjórinn á Snæfellsnesi	94.201.447	112.113.554	112.038.421
Lögreglustjórinn á Vestfjörðum	205.361.421	223.768.897	226.815.170
Lögreglustjórinn á Blönduósi	83.565.703	84.082.336	79.033.732
Lögreglustjórinn á Sauðárkróki	82.799.171	94.027.562	93.822.771
Lögreglustjórinn á Akureyri	317.608.343	348.464.910	353.567.973
Lögreglustjórinn á Húsavík	103.853.687	117.036.410	117.351.134
Lögreglustjórinn á Seyðisfirði	107.146.269	113.759.260	113.048.238
Lögreglustjórinn á Eskifirði	160.663.967	182.751.287	183.262.193
Lögreglustjórinn á Hvolsvelli	95.986.919	109.798.185	113.819.081
Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum	101.050.018	104.667.264	108.074.962
Lögreglustjórinn á Selfossi	212.696.099	242.539.167	256.461.873
Samtals	7.178.742.910	7.766.112.306	7.837.010.098


*Tölur um útgjöld til löggæslu eru byggðar á upplýsingum úr ríkisreikningi.

**Embætti ríkislögreglustjóra hefur fleiri verkefni með höndum en þau sem teljast til löggæslu, svo sem almannavarnir. Jafnframt stendur embættið straum af ýmissi sameiginlegri þjónustu og verkefnum fyrir öll lögregluumdæmi landsins, svo sem sérveit, alþjóðadeild, fjarskiptamiðstöð og tölvumiðstöð. Það skýrir útgjaldaþróun í samanburði við lögregluembætti. Kostnaður vegna bílamiðstöðvar dreifist á embættin.

***Kostnaður vegna yfirstjórnar var ekki með í heildarútgjöldum embættisins árin 2007 og 2008. Útgjöld til yfirstjórnar árið 2008 voru um 240 milljónir kr. Samkvæmt útreikningum dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins má áætla að um 75%, eða um 180 milljónir kr., hafi verið vegna löggæslumála en 25% vegna öryggismála á Keflavíkflugvelli og vegna tollamála. 1. janúar 2009 fluttust verkefni öryggismála til Keflavíkflugvallar ohf. en tollamálin fóru til tollstjórnars í Reykjavík.

Samtals unnu lögreglumenn 696 ársverk á árinu 2009 sem er fækkun á ársverkum frá árinu áður, en þá voru þau 724. Ársverkum fækkaði sem sé um 4% og hafa þau ekki verið svona fá í yfir 10 ár. Árið 2001 voru ársverk lögreglumanna 708,93, sem er um 13 ársverkum meira en árið 2009. Flest voru ársverkin 741 árið 2006 og hefur þeim því fækkað um 45 á síðustu þremur árum.

Með fjölda mánaðarlauna/dagvinnulauna í hverjum mánuði, þar með talið vegna afleysinga, veikinda, lausnarlauna, orlofs, þegar viðkomandi hættir störfum og fleira, fæst yfirlit yfir ársverk í dagvinnu. Með fjölda ársverka er átt við summu þessara verka deilt með 12 mánuðum. Lögreglumönnum fjölgar víða yfir sumartímann, vegna þeirra sem eru í orlofi eða til að mæta auknu álagi.




Mynd 1. Samanburður á ársverkum lögreglumanna 2008 og 2009

Línuritið hér að neðan sýnir samanburð á hlutfallslegri þróun launavísitölu, ársverka og heildarlauna. Einnig koma heildaryfirvinnulaun lögreglumanna fram í línuritinu til samanburðar.

Sem dæmi hækkaði launavísitalan um 6,75% frá 2004-2005 og um 37,83% frá 2004-2008. Til samanburðar hækkaði heildarlaunakostnaður lögreglunnar á sama hátt um 14,86% frá 2004-2005 og um 40,55% frá 2004-2008. Sjá má að heildarlaunakostnaður lækkaði á árinu 2009 samanborið við fyrra ár. Frá árinu 2004 hefur launavísitala hækkað um 43,27% en laun lögreglumanna hafa hækkað um 39,16% á sama tíma. Laun lögreglumanna hækkuðu umfram þróun launavísitölu á árunum 2004-2008 en þau héldu ekki í við vísitöluna á árinu 2009. Heildaryfirvinnulaun, greidd í milljónum króna, drógust saman um 90 milljónir kr. árið 2009 samanborið við fyrra ár. Heildaryfirvinnulaun hækkuðu jafnt og þétt á árunum 2004-2007 en hafa síðan dregist saman og má segja að heildaryfirvinnulaun lögreglumanna árið 2009 hafi verið svipuð í krónum talið og árið 2005.

Eins og fram hefur komið fækkaði ársverkum í dagvinnu hjá lögreglunni á árinu 2009. Ársverkum hafði fjölgað jafnt og þétt á árunum 2004-2006 en síðan hefur þeim farið fækkandi og voru árið 2009 1,38% færri en árið 2004. Tölur eru byggðar á ríkisreikningi og gögnum frá rekstrar- og fjármálaskrifstofu dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins.



Mynd 2. Samanburður á þróun launavísitölu, ársverka og launa allra löggæsluembættu frá 2004-2009






Ríkislögreglustjóri

Hlutverk

Hlutverk ríkislögreglustjóra er skilgreint í 5. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Meginhlutverk embættisins er að leiða lögregluna í landinu og standa vörð um öryggi borgaranna. Ríkislögreglustjóri fer með daglega yfirstjórn lögreglu og almannavarna, í umboði dómsmálaráðherra.

Skipulag og yfirstjórn embættisins



Skipurit embættisins var einfaldað og meginstöðum þess var fækkað úr fimm í þrjár í kjölfar skipulagsbreytinga sem tóku gildi 1. janúar 2007. Undir löggæslu- og öryggissvið embættisins falla alþjóðadeild, sérsveit, greiningardeild, almannavarnadeild og fjarskiptamiðstöð. Undir stjórnsýslusvið falla starfsmannamál, samræming og innra eftirlit, forvarnir og fjölmiðlasamskipti, tölfraeði, útgáfumál og þróunarverkefni, tæknimál, rannsóknir og lögfræðileg málefni. Undir rekstrarsvið falla fjármál og rekstur, einkennisföt og búnaðarmál, rekstur bílamiðstöðvar, upplýsingatæknimál og skrifstofuhald.

Markmið

Meginhlutverk ríkislögreglustjóra er skilgreint í árangursstjórnunarsamningi og felst í því að:

- leiða lögregluna í landinu og standa vörð um öryggi borgaranna,
- fara með daglega yfirstjórn lögreglu og almannavarna í landinu í umboði dómsmálaráðherra,
- gera tillögu til dómsmálaráðherra að löggæsluáætlun og sjá um framkvæmd staðfestrar löggæsluáætlunar.

Markmiðið er að:

- tryggja öruggt samfélag,
- fækka afbrotum, einkum ofbeldis- og fíkniefnatengdum brotum,
- efla þjónustu lögreglunnar þannig að hún geti brugðist við breytilegum þörfum samfélagsins og einstaklinga,
- styrkja rannsóknir brota, leggja áherslu á að bæta rannsóknir og hraða vinnslu mála,
- efla rannsóknir á sviði umfangsmikilla efnahagsbrota,
- vinna í samstarfi við aðra að því að stemma stigu við síbrotum og vinna markvisst að forvörnum í þeim tilgangi að fækka ungum afbrotamönnum,
- gera ráðstafanir til að auka öryggi og öryggistilfinningu almennings með sýnilegri löggæslu,
- berjast gegn skipulagðri glæpastarfsemi,
- efla þekkingu og hæfni lögreglunnar til þess að gæta almannaöryggis og gera lögreglu hæfari til þess að bregðast við á hættustundu,
- stuðla að nánú samstarfi við nágrannaþjóðir á sviði löggæslu.

Meginverkefni greinast í eftirfarandi þætti:

- að tryggja öryggi ríkisins á sviði löggæslu og almannavarna,
- stuðningur við lögregluna í landinu, stjórn lögregluaðgerða þegar aðstæður krefjast þess og eftirfylgni með því að markmiðum lögreglu sé náð,
 - miðlun upplýsinga, samskipti og samræming,
 - aðstoð, stjórnun og eftirfylgni,
- löggæsluáætlun,
- þróun verkefna.





Rekstrarsvið

Rekstur

Á árinu lækkaði rekstrarkostnaður embættisins um 16 m.kr., eða um 1%, frá fyrra ári þrátt fyrir umtalsverðar almennar verðlagshækkningar. Lækkun launakostnaðar um 31 m.kr., ferðakostnaðar um 16 m.kr. og aðkeyptrar sérfræðipjónustu um 21 m.kr. er helsta skýringin. Þrátt fyrir mikið aðhald hækkuðu aðrir kostnaðarliðir s.s. almennar rekstrarvörur og húsnæðiskostnaður. Sú hækkun er fyrst og fremst tilkomin vegna breytinga á verðlagi.

Tafla 3. Útgjaldaþróun ríkislögglustjóra árin 2009-2005

Gjaldaliðir	2009	2008	2007	2006	2005
Laun	956.326	987.858	934.793	753.002	657.038
Ferðir og fundir	34.098	49.807	52.459	49.034	46.976
Rekstrarvörur	54.294	42.097	40.213	26.413	38.337
Aðkeypt þjónusta	202.179	223.070	151.743	105.061	101.704
Húsnæði	103.235	85.543	78.962	85.827	64.179
Bifreiðar og vélar	46.862	41.558	38.842	28.648	24.975
Vextir, bætur, skattar	640	1.123	801	331	268
Eignakaup	31.815	18.272	25.990	36.009	37.723
Tilfærslur	9.745	10.326	9.718	3.532	3.936
Rekstrarkostnaður alls	1.439.194	1.459.654	1.333.521	1.087.857	975.136
Sértækjur alls	- 124.830	- 129.582	- 72.277	- 24.121	- 15.546
Markaðar tekjur		-	- 6.454	- 6.044	- 5.696
Gjöld umfram sértækjur	1.314.364	1.330.072	1.254.790	1.057.692	953.894

Fatnaður og búnaður lögreglumanna

Í janúar 2009 rann út einkennisfataútboðið sem hafði verið í gildi frá árinu 2007. Ekki var talin ástæða til að framlengja útboðið þar sem annað fyrirtækjanna sem kom að því hafði hætt rekstri. Í byrjun árs 2009 fór einkennisfatanefnd ríkislögglustjóra að undirbúa nýtt útboð. Ákveðið var að fara ítarlega yfir stöðu fatamála lögreglunnar. Í apríl og maí var gerð tölvupóstkönnun á viðhorfum til einkennisfatnaðar og notkunar á honum meðal starfandi lögreglumanna. Alls svöruðu 375 lögreglumenn könnuninni, eða tæp 54 prósent starfandi lögreglumanna. Helstu niðurstöður eru þær að svarendum líkar best, þ.e. vel eða frekar vel, við einkennishúfu 1 (79%) og svörtu einkennisskyrtuna (79%) en þar á eftir við búning 1 (74%), hvítu einkennisskyrtuna (73%) og einkennishúfu 2 (68%). Verst líkaði svarendum, þ.e. illa eða frekar illa, sumarjakki 2 (33%), vetrarjakki 3 (22%) og götuskór (19%). Sá fatnaður sem mest er notaður, þ.e. á hverjum degi eða nokkrum sinnum í viku, er buxur 2 (66%), götuskór (59%) og svört einkennisskyrta (56%). Sá fatnaður sem er sjaldnast notaður, þ.e. nokkrum sinnum

á ári eða aldrei, er jakki og buxur 1 með belti (92%), hvít einkennisskyrta (90%), einkennishúfa 1 (84%), regngalli (76%) og vetrarbuxur 3 (65%). Notkun virðist því fara eftir þeim aðstæðum sem störfín eru unnin við.

Með nýju útboði á einkennisfötum er stefnt að því að ná fram hagræðingu og sparnaði hjá lögreglunni. Ríkislögreglustjóri hefur að mestu séð um að útvega einkennin sem nú fara í einkennisfataútboð í fyrsta skipti.

Bílamiðstöð

Markmið bílamiðstöðvarinnar er að nýta sem best það fjármagn sem veitt er til kaupa á ökutækjum fyrir lögregluna, að tryggja að ökutækin verði ætíð í fullkomnu ásigkomulagi og uppfylli öryggiskröfur sem gerðar eru.


Markmiðið er að ná sem mestri rekstrarhagræðingu í krafti stærðar. Það felst í því að:

- tryggja jafna og stöðuga endurnýjun ökutækja,
- tryggja að ökutækin séu búin besta búnaði,
- tryggja eðlilegt viðhald og öryggi ökutækja,
- losa yfirmenn einstakra lögregluliða við ökutækjarekstur.

Bílamiðstöðin annast rekstur ökutækja allra lögregluembættanna í landinu. Um er að ræða allhiða rekstur og viðhald, viðgerðir og endurnýjun á öllum ökutækjum ásamt sérstökum búnaði lögreglunnar. Í bílabankanum eru alls um 165 ökutæki. Samtals voru keypt og standsett 14 ökutæki á árinu 2009. Lögregluembættin á höfuðborgarsvæðinu, Blönduósi, Sauðárkróki, Akureyri, Húsavík og Seyðisfirði fengu ný ökutæki ásamt endurnýjun á búnaði. Kostnaðurinn við nýkaup ársins var innan áætlunar.

Bílamiðstöðin hefur frá upphafi stuðlað að endurnýjun á ökutækjum lögreglunnar ásamt búnaði þeirra. Markmið bílamiðstöðvarinnar hefur verið að lækka meðalaldur ökutækjanna þannig að hann verði ekki mikið yfir 3,0 ár. Í ársbyrjun 2009 var ljóst að ekki var raunhæft að halda þessu til streitu. Á árinu 2009 hækkaði innkaupsverð mikið sökum gengisfalls krónunnar auk þess sem skattkerfisbreytingar höfðu áhrif bæði á innkaup og rekstur. Það markmið var því sett að viðhalda þeim aldri sem var í ársbyrjun enda afar mikilvægt að missa ekki niður þann góða árangur sem náðst hefur í þeim efnum. Með ýmsum leiðum náðist að kaupa ný ökutæki á árinu 2009 en reynt var að kaupa tæki frá fyrra ári á eldra verði. Þrátt fyrir að tækin séu ný þá eru þau af eldri árgerð og lækka því ekki meðalaldur ökutækja.

Upptökutækin Eyewitness eru nú í 70% af merktum ökutækjum lögreglunnar og er það samkvæmt stefnumótun ríkislögreglustjóra um búnað lögregluökutækja. Ný kynslóð Eyewitness G3 var keypt á árinu en búnaðurinn er töluvert endurbættur frá fyrri árgerðum.



Mynd 3. Nýkaup – endurnýjun ökutækja lögreglunnar

Árið 2009 keypti bílamiðstöðin mun færri ökutæki en undanfarin ár vegna erfiðleika á fjármálamarkaði og slæmrar stöðu krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum sem leiddu til umtalsverðra hækkana á nýjum ökutækjum. Ekki var heldur vilji hjá lögreglustjórunum til að fá ný ökutæki þar sem þeir töldu það hækka rekstrarkostnað lögreglubíla og þar með yrði erfiðara að ná endum saman í rekstri embættanna. Leitað var ýmissa leiða til þess að draga úr endurnýjun tækja svo að unnt væri að halda leigugjöldum til lögregluembætta óbreyttum á árinu.

Við endurnýjun á ökutækjum eiga sér stað ýmsar tilfærslur á þeim, þar sem bílamiðstöðin færir ökutæki á milli lögregluembætta þar til óhagkvæmstu tækin eru tekin úr umferð og seld hjá Ríkiskaupum. Með þessum tilfærslum er reynt að nýta sem best þá fjárfestingu sem liggur í ökutækjum lögreglunnar.

Á árinu fóru rúmlega 5.000 ökutæki í gegnum þvott og daglegt þjónustuviðhald sem er aukning frá síðasta ári. Lögregluembættin nýttu sér þjónustu bílamiðstöðvarinnar til rannsóknar á meintum brotatækjum og einnig aðstoðaði bílamiðstöðin landhelgis- og tollgæsluna í ýmsum verkefnum eins og undanfarin ár.

Rekstur ökutækja

Rekstur ökutækja lögreglu var mjög erfiður á árinu 2009 og eru líkur á því að reksturinn verði enn þyngri á árinu 2010. Verð á flestum þáttum í rekstri ökutækja lögreglunnar hefur hækkað mikið. Má þar nefna eldsneyti, tryggingar, varahluti og þjónustu. Eldsneyti er stór þáttur í rekstri ökutækjanna, eða um 34%, og viðhaldskostnaður um 37%, samanlagt eru þessir tveir þættir um 71% af rekstrarkostnaði lögreglubíla. Bílamiðstöðin hélt óbreyttri gjaldskrá á árinu og kom þannig til móts við lögregluembættin sem áttu í ákveðnum rekstrarerfiðleikum vegna niðurskurðar á fjárheimildum.

Bílamiðstöðin hefur í auknum mæli tekið að sér þjónustuviðhald sem áður var hjá öðrum þjónustuaðilum og nær með því að lækka viðhaldskostnaðinn töluvert. Frá árinu 2006 hefur akstur ökutækja lögreglunnar sífellt verið að dragast saman, eða samtals um 21% á tilgreindu tímabili. Samdráttur í akstri lögreglu frá árinu 2008 til ársins 2009 var um 600 þúsund km., eða um 12%. Flestöll lögregluembætti hafa dregið úr akstri, sum verulega.

Tafla 4. Yfirlit yfir ökutæki og kostnaðarþætti

Liðir	2006	2007	2008	2009	Breyting % 2006-2009
Meðalaldur	3,9	3,8	3,7	3,7	-5,1%
Heildarakstur	5.713.449	5.521.841	5.137.614	4.521.354	-20,9%
Meðalverð díselíltra	120 kr.	127 kr.	175 kr.	196 kr.	62,8%
Meðalverð bensíníltra	124 kr.	126 kr.	160 kr.	175 kr.	41,7%
Nýkaup Volvo S80	6.173.000 kr.	6.454.000 kr.	6.950.000 kr.	8.195.000 kr.	32,8%
Stakur hjólbarði	20.890 kr.	22.000 kr.	28.000 kr.	35.976 kr.	72,2%
Leigugreiðslur til bílamiðstöðvar ríkislögreglustjóra					
Fastagjald 1307 18%	1.111.140 kr.	1.161.720 kr.	1.251.000 kr.	1.475.100 kr.	32,8%
Leiguverð 1307 per km	37 kr.	42 kr.	47 kr.	53 kr.	43,2%

Verulegar breytingar hafa orðið á fjölda ekinna kílómetra. Frá árinu 2006 til ársins 2010 hefur lögreglan fækkað eignum kílómetrum um tæplega 1,2 millj. km, eða um 21%. Eignum kílómetrum hefur einkum fækkað vegna skertra fjárheimilda lögregluembætta auk breytts verklags innan einstakra lögregluliða.

Tafla 5. Akstur á árunum 2006-2009

Lögregluembætti	2006	2007	2008	2009	Mismunur	Þróun %
Ríkislögreglustjórinn	425.840	448.407	410.993	420.117	-5.723	-1%
Lögregluskólinn	8.964	9.763	11.304	9.818	854	10%
Lögreglan á höfuðb.	2.028.916	1.995.886	1.815.038	1.652.647	-376.269	-19%
Lögr. á Akranesi	136.292	146.031	136.463	93.919	-42.373	-31%
Lögr. í Borgarnesi	237.954	232.073	225.893	112.196	-125.758	-53%
Lögr. í Stykkishólmi	136.292	128.948	129.763	108.047	-28.245	-21%
Lögr. á Ísafirði	248.419	267.802	251.629	194.430	-53.989	-22%
Lögr. á Blönduósi	200.927	190.091	151.909	127.328	-73.599	-37%
Lögr. á Sauðárkróki	78.793	88.457	73.244	61.623	-17.170	-22%
Lögr. á Akureyri	284.475	349.041	315.348	244.042	-40.433	-14%
Lögr. á Húsavík	173.558	152.085	147.660	158.052	-15.506	-9%
Lögr. á Seyðisfirði	157.726	161.103	152.957	142.247	-15.479	-10%
Lögr. á Eskifirði	287.957	272.395	248.137	181.311	-106.646	-37%
Lögr. Hvolsvelli	256.770	226.336	226.205	186.747	-70.023	-27%
Lögr. í Vestmannaeyjum	69.113	63.379	57.374	54.386	-14.727	-21%
Lögr. á Selfossi	369.989	338.642	328.410	304.324	-65.665	-18%
Lögr. á Suðurnesjum	611.472	451.422	455.251	470.120	-141.352	-23%
Samtals	5.713.457	5.521.861	5.137.578	4.521.354	-1.192.103	-21%

Tjónakostnaður hjá lögreglunni hefur lækkað verulega og nam hann um 5,4 m.kr. árið 2009, sem er rúmlega helmingslækkun frá árinu 2008. Helsta skýringin á þeim góða árangri sem hefur náðst eru sérstök námskeið í forgangsakstri fyrir lögreglumenn, minni akstur og aukin vitund ökumanna á þeim kostnaði sem fellur til vegna tjóna.

Tölvudeild

Embætti ríkislögreglustjóra starfrækir sameiginlega miðlæga tölvumiðstöð fyrir öll lögregluembættin og að auki fyrir Fangelsismálastofnun, ríkissaksóknara, Útlendingastofnun og embætti sérstaks saksóknara í málum tengdum bankahruninu. Heildarfjöldi notenda er um 1.100 á 64 starfsstöðvum um allt land. Rík krafa er gerð til gæða þjónustu og öryggis þeirra upplýsingakerfa sem ríkislögreglustjóri rekur.

Umsjón með embættum og stofnunum felur í sér rekstur á sameiginlegum gagnagrunnum og tölvukerfum, sem og tölvupósti, og gegnum tölvumiðstöðina tengjast lögregluembættin út fyrir hið lokaða tölvunet lögreglunnar. Á árinu 2009

var unnið að undirbúningi og fyrstu skrefin stigin í átt að því að leggja niður alla netþjóna hjá lögregluembættunum og færa þá þjónustu inn í tölvumiðstöðina. Með þessum ráðstöfunum munu sparast fjármunir sem annars færu til greiðslu hugbúnaðarleyfa netþjónanna, sem og til viðhalds þeirra úti í embættunum. Endurnýjun á netþjónum tölvumiðstöðvarinnar hófst á árinu og eru notaðir svokallaðir sýndarnetþjónar sem keyrðir eru með öflugum vélbúnaði. Gagnagrunnar voru færðir inn á þessa sýndarnetþjóna og með þessum ráðstöfunum náðist sömuleiðis hagræðing sem fólst í fækkun hugbúnaðarleyfa vegna netþjóna og gagnagrunnsþjóna. Að auki mun þetta auðvelda umsýslu með sameiginlegum hugbúnaði embættanna og umsjón með umsýslu notenda. Með breytingum á tilhögun þessara mála telur ríkislögreglustjóri að hægt sé að ná fram aukinni hagræðingu í rekstri upplýsingakerfa lögreglunnar og þeirra embætta sem eru í þjónustu hjá ríkislögreglustjóra.

Á síðari hluta ársins var hafist handa við undirbúning að nýjum innri og ytri vef lögreglunnar. Samið var við hugbúnaðarfyrirtækið TM Software um smíði vefjanna sem byggjast á svokallaðri SharePoint-lausn frá Microsoft. Gert er ráð fyrir ýmsum nýjungum í þjónustu lögreglunnar en með rafrænum skilríkjum mun almenningur geta sótt ýmsar upplýsingar til lögreglunnar sem áður þurfti að sækja á lögreglustöð. Auk þess mun almenningur geta sótt um ýmis leyfi til lögreglunnar á sama hátt.





Löggæsla og öryggi

Almannavarnadeild

Almannavarnadeildin tók þátt í flugslysæfingum á Þórshöfn, Egilsstöðum og Keflavíkurlflugvelli en viðbragðsáætlanir eru gerðar fyrir áætlunarflugvelli landsins til að tryggja flugöryggi. Almannavarnadeildin tók einnig þátt í björgunaræfingu á sjó sem Landhelgisgæslan stóð fyrir. Líkt var eftir óhappi er skemmtiferðaskip lenti á grynningum við Kolbeinsey og bjarga þurfti áhöfn og farþegum. Við björgunina reyndi á skipulag almannavarna. Samhæfingarstöðin í Skógarhlíð var almennt virkjuð í þessum æfingum.

Heimsfaraldur inflúensu

Þann 28. apríl 2009 var viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu virkjuð á Íslandi vegna inflúensufaraldursins H1N1 (svokallaðrar svínainflúensu). Í framhaldinu voru unnar svæðisáætlanir fyrir öll umdæmi lögreglunnar og sóttvarnalæknis. Markmiðið með svæðisáætlunum var að færa skipulag viðbragða út í umdæmin. Reglulega voru haldnir símafundir með sóttvarnalæknum og lögreglustjórum, sem stýrt var frá Samhæfingarstöðinni í Skógarhlíð þar sem farið var yfir þróun inflúensunnar, bólusetningar og framkvæmd þessa stóra verkefnis. Þá voru haldnir fjölmargir upplýsingafundir og á vefsíðunni www.influenza.is voru reglulega birtar fréttir og upplýsingar til almennings vegna inflúensunnar. Sóttvarnaáætlanir voru unnar fyrir stofnanir, skóla og fyrirtæki, þar á meðal fyrir embætti ríkislögreglustjóra. Þann 15. október hófust bólusetningar vegna svínainflúensunnar.

Almannavarna- og öryggismálaráð

Almannavarna- og öryggismálaráð kom saman til fyrsta fundar þann 10. júní. Í ráðinu eiga sjö ráðherrar fast sæti auk 26 fulltrúa stjórnvalda, sveitarfélaga, björgunarsveita og hjálparsamtaka. Á fundinum voru þrjár ályktanir samþykktar: (1) um stuðning við aðgerðir yfirvalda og sóttvarnalæknis um samhæfð viðbrögð vegna heimsfaraldurs inflúensu; (2) að fela dómsmálaráðherra í samvinnu við hlutaðeigandi aðila að undirbúa drög að stefnu stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum til þriggja ára; og (3) að styðja áframhaldandi undirbúning að gerð viðbragðsáætlana, svo sem um vernd mikilvægra samfélagsinnviða og netöryggi, og viðbragðsáætlunar um varnir gegn geisla-, eiturefna- og sýklaárásum. Stýrihópur fyrir ráðið var stofnaður á árinu og mun hann skila tillögum að stefnu stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum fyrir júní 2010.

Fundir, ráðstefnur og námskeið

Norræna björgunarráðstefnan var haldin í borginni Vaasa í Finnlandi í júní en 20 ár eru liðin síðan Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð gerðu með sér samning,

„norræna björgunarsamninginn“, um gagnkvæma aðstoð milli landanna vegna slysa og annarra áfalla. Ísland gerðist aðili að samningnum árið 2001. Í tilefni afmælisins var starfsmanni almannavarnadeildarinnar boðið á ráðstefnuna og að halda þar erindi. Þá var fundur í TRANSFER-rannsóknarverkefninu sem Veðurstofan hefur haft umsjón með fyrir Íslands hönd. Tilgangur verkefnisins var að finna leiðir til að koma viðvörðun um flóðbylgjur til almennings með skjótum hætti. Fulltrúi almannavarnadeildarinnar fór á lokafund verkefnisins í Istanbul í Tyrklandi í september og kynnti þar meðal annars samvinnu vísindamanna og almannavarna á Íslandi. Tveir fulltrúar úr íslensku rústabjörgunarsveitinni sóttu vikulangt námskeið í Danmörku nýverið en Evrópusambandið stendur fyrir umfangsmikilli fræðsludagskrá á sviði almannavarna. Þá var ráðstefna um náttúruöflin og björgunarmenn í tilefni af 40 ára afmæli Hjálparseitar skáta í Garðabæ þar sem farið var yfir reynslu undanfarinna ára.

Snjóflóðahætta

Veturinn 2009 var óvenjuerfiður þeim sem búa á þekktum snjóflóðasvæðum. Rýma þurfti húsnæði í Bolungarvík, á Siglufirði og Ólafsfirði. Almannavarnadeildin er hluti af vöktunar- og viðbúnaðarkerfi því sem gildir hér á landi varðandi ofanflóð.

Evrópusambandsverkefni

Almannavarnadeildin er þátttakandi í tveimur stórum verkefnum sem Evrópusambandið styrkir. CoSafe-verkefnið snýst um að bæta þjónustu við íbúa á jaðarsvæðum þegar stórslys verða og ERGO-verkefnið snýst um rýmingu, brottflutning og viðbúnað á svæðum þar sem hætta getur eða hefur skapast, svo og um viðvaranir til almennings. Sjóður almannavarna ESB var kynntur á sameiginlegum kynningarfundum Evrópuáætlana á Háskólatorgi í janúar en hægt er að sækja um styrki til sjóðsins vegna rannsókna, þjálfunar, æfinga og ýmissa fleiri verkefna tengdra almannavörnum.

Viðbragðsáætlanir

Á árinu 2009 var viðbragðsáætlun vegna stíflurofs við Háslón undirrituð en hún segir fyrir um skipulag og stjórnun aðgerða í kjölfar stíflurofs við lónið. Þá var hafist handa við gerð samræmdra viðbragðsáætlana heilbrigðisstofnana í samstarfi við Landspítala og landlæknisembættið. Einnig voru flugslysaáætlanir vegna flugvallanna á Þórshöfn, í Vestmannaeyjum, á Egilsstöðum, Bakka og Akureyri uppfærðar.

Almannavarna- og áhættuskoðunarfundir

Starfsmenn almannavarnadeildarinnar heimsóttu almannavarnanefndir, sveitarstjórnarmenn og viðbragðsaðila um landið á árinu og fóru yfir skipulag og verkefni almannavarna í ljósi nýrra laga um almannavarnir nr. 82/2008. Þá var

farið yfir lokadrög áhættuskoðunarverkefnisins og heimamenn beðnir um frekari gögn og yfirllestur.

Vísindamannaráð

Vísindamannaráð almannavarna kom saman nokkrum sinnum á árinu og var þá farið yfir þróun mála varðandi þau eldfjöll sem eru vöktuð, auk jarðskjálftavirkni og ýmissa annarra þátta í náttúrunni. Samsetning ráðsins er breytileg og fer eftir því hvaða viðfangsefni er verið að fjalla um. Að jafnaði sitja þar sérfræðingar frá Jarðvísindastofnun Háskólans og Veðurstofu Íslands. Að auki sitja þar sérfræðingar frá öðrum stofnunum og fyrirtækjum, svo sem Íslenskum orkurannsóknnum, Náttúrufræðistofnun Íslands, Vegagerðinni, Siglingamálastofnun, Rannsóknarmiðstöð í jarðskjálftaverkfræði og fyrirtækjum í orkugeiranum.



Alþjóðadeild

Deildin hefur frá upphafi sinnt sólarhringsvöktun á Sirene-skrifstofu en vegna sparnaðaraðgerða og niðurskurðar fjárveitinga til embættisins var ákveðið síðla árs að leggja af sólarhringsþjónustu deildarinnar og færa vöktun utan dagvinnutíma til fjarskiptamiðstöðvar ríkislögreglustjóra. Skapaðist þannig möguleiki til að flytja starfsmenn úr alþjóðadeild til starfa í efnahagsbrotadeild til að halda efnahagsbrotadeildinni fullmannaðri.

Schengen-samstarfið er komið í nokkuð fastan farveg og er málafjöldi stöðugur. Yfirllestur Schengen mála er sem fyrr tímafrekur en skilar þeim árangri að hér á landi hafa fundist fleiri eftirlýstir einstaklingar en nokkru sinni fyrr. Flestir þeirra eru eftirlýstir af pólskum yfirvöldum. Þar sem málsmeðferð í framsalsmálum tekur að jafnaði langan tíma, oft mánuði, hefur utanumhald um tilkynningar vegna

farbanna aukist til muna. Enn hefur orðið dráttur á að nýtt Schengen-upplýsingakerfi verði tekið í notkun og valda því ýmsir tæknilegir örðugleikar.

Interpol, Europol, PTN, SIRENE

Interpol-samstarfið gengur vel og samskiptakerfið hefur löngu sannað ágæti sitt hvað varðar öryggi og auðvelda notkun. Á árinu voru vegabréfaskannar á Keflavíkurlflugvelli tengdir gagnabanka Interpol, sem gerir það að verkum að nú er leitað í Interpol-gagnabanka jafnframt því sem flett er upp í Schengen-upplýsingakerfinu á landamærum.

Europol-samstarfið hefur sannað gildi sitt og staðsetning tengiliðs hjá stofnuninni leitt til þess að fleiri fyrirspurnir berast nú um samskiptaleið stofnunarinnar en áður. Sú breyting hefur orðið að Europol er nú Evrópusambandsstofnun og lýtur reglum þess.

PTN-samstarfið (lögregla og tollgæsla á Norðurlöndum) hefur fyrir löngu sannað ágæti sitt. Fyrirséð er að löndin sem halda úti sambandsmönnum munu leitast við að draga úr kostnaði m.a. með því að leggja niður einhver af þeim störfum sem haldið er úti. Þegar hefur verið ákveðið að leggja niður stöðu sambandsmanns í Marokkó og er viðbúið að fleiri fylgi í kjölfarið.

Vert er að hafa í huga varðandi PTN-samstarfið að Ísland mun taka við formennsku í samstarfinu í lok næsta árs. Formennskan felur í sér utanumhald og skipulag fundu innan samstarfsins auk formennsku á fundum, útgáfu fundargerða og utanumhald um gögn.

Útlendingamál eru sem fyrr umfangsmikill þáttur í starfsemi alþjóðadeildar sem sér m.a. um að leita upplýsinga um erlenda brotamenn, t.d. sakaferil þeirra og annað það sem að gagni má koma fyrir lögregluþyriföld. Þá eru flutningar á brottvísuðum brotamönnum, sem lokið hafa afplánun, hluti af starfseminni.

Alþjóðadeild sér um Eurodac, fingrafaragagnagrunn Schengen-ríkjanna vegna hælisleitenda f.h. Útlendingastofnunar. Í þeim gagnagrunni má oftast en ekki finna þá einstaklinga sem hér á landi sækja um hæli sem sýnir að þeir hafa áður fengið hælismeðferð í öðru Schengen-ríki. Þær grunsemdir hafa jafnvel vaknað að hér á landi séu einstaklingar sem auðveldi ólöglegum innflytjendum og hælisleitendum, sem hafa fengið synjun í öðrum löndum, að komast hingað til lands, jafnvel með það í huga að komast héðan vestur um haf.

Starfsmenn alþjóðadeildar annast jafnframt flutning hælisleitenda til annarra Schengen-ríkja á grundvelli Dyflinarsamkomulagsins samkvæmt ákvörðun Útlendingastofnunar.

Fíkniefnasíminn

Alþjóðadeildin hefur annast úrvinnslu upplýsinga sem berast um fíkniefnasímamann sem hver sem er getur hringt í með nafnlausar ábendingar um fíkniefni. Helgaðist fyrirkomulagið af því að þar hefur verið sólarhringsvakt. Samhliða færslu vaktarinnar til fjarskiptamiðstöðvar ríkislögreglustjóra mun ábyrgðin á úrvinnslu upplýsingana færast til hennar.

Kynningar fyrir erlenda samstarfsaðila

Eins og áður hefur verið greint frá var yfirmaður væntanlegrar Sirene-skrifstofu í Liechtenstein hér í náms- og kynnisferð á árinu 2008. Ánægjulegt er til þess að vita að sú heimsókn hefur leitt til þess að Sirene-skrifstofan í Liechtenstein var sett upp með starfsemi alþjóðadeildar sem fyrirmynd. Þá hefur heimsóknin einnig leitt til þess að Liechtenstein hefur fengið hugbúnaðarfyrirtækið Kögun til að hanna Sirene-kerfi á grunni þess íslenska og standa vonir til þess að íslenska Sirene-skrifstofan njóti góðs af þeim umbótum sem gerðar hafa verið á kerfinu m.a. með aukinni sjálfvirkni.



Fjarskiptamiðstöð

Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra (FMR) hefur verið starfandi í níu ár, með aðsetur í Reykjavík, að Skógarhlíð 14. Starfsemin í upphafi árs einkenndist af verkefnum er vörðuðu mótmæli í miðborg Reykjavíkur. Hlutverk FMR fólst í að samhæfa fjarskipti og var unnið náíð með aðgerðastjórn lögreglu höfuðborgarsvæðisins (LRH). Skipulag fjarskipta gekk vel fyrir sig og í reynd hefur

fjarskiptakerfið TETRA margsannað gildi sitt. Auðvelt er að skipuleggja fjarskipti, eða talhópa án þess að það komi niður á daglegri notkun þó að í gangi séu mörg verkefni á sama tíma. Slíkt fyrirkomulag er viðhaft við margvísleg sérverkefni s.s. við leitir og í slysum þegar fleiri en einn viðbragðsaðili kemur að verkefninu.

Vegna niðurskurðar í ríkisfjármálum var ekki ráðið í störf þeirra sem hættu störfum heldur var verkefnum bætt á aðra til að hagræða rekstri. Dagvinnumenn voru færðir tímabundið á vaktir þegar þörf krafði o.fl. Sumarið er erfiður tími, bæði hvað varðar fjölda verkefna og orlofstöku starfsmanna, en sumarið 2009 voru í fyrsta skipti ekki ráðnir aukastarfsmenn til að mæta þörf en með góðri samvinnu starfsmanna tókst að láta innra skipulag deildarinnar ganga með ágætum.

Verkefnatengd símtöl sem bárust FMR um Neyðarlínuna (112) voru 93.103, sem er fækkun frá árinu áður um 34.658. Ótalin eru þjónustusímtöl við lögregluembætti.

Eitt af verkefnum starfsmanna er að manna þann hóp sérsveitar sem annast samtals- og samningamál og voru verkefnin á árinu fjögur og hefur sú tala haldist nær óbreytt um margra ára skeið. Kynning og fundir voru haldnir með starfsmönnum ráðuneyta um viðbrögð við óvæntum atburðum og ekki síður til að hver um sig þekkti vinnufyrirkomulag hinna. Tókust þessar kynningar með ágætum og má reikna með að framhald verði á þessu.

Samskipti við lögregluembættin voru mikil, bæði með heimsóknum og símafundum. Þá aðstoðaði FMR lögregluliðin við að samhæfa aðgerðir í tengslum við stórar upptökur. Má í því sambandi nefna Menningarnótt í Reykjavík, Ljósanótt í Reykjanesbæ og stórar ferðahelgar.

Þær breytingar sem urðu í þjóðfélaginu í október 2008 leiddu til aukins álags á starfsmenn fjarskiptamiðstöðvar eins og aðra lögreglumenn á árinu. Á sama tíma jókst samvinna við aðrar deildir embættisins og aðgerðastjórn lögreglu höfuðborgarsvæðisins, sem var með aðsetur í fjarskiptamiðstöð.

Eins og mörg undanfarin ár hafa starfsmenn FMR komið að kennslu í Lögregluskóla ríkisins (LSR), bæði í samtals- og samningatækni og kynnt nemum notkun Tetra-fjarskiptakerfisins. Árlega er nokkuð um heimsóknir til FMR, það eru aðallega erlendir lögreglumenn og gestir samstarfsaðila lögreglu sem heimsækja stöðina.

Formennska í NATO Special Committee

Árið 2009 fór ríkislögreglustjóri með formennsku í Special Committee hjá Atlantshafsbandalaginu. Nefndin er ráðgefandi fyrir Norður-Atlantshafsráðið um málefni er varða njósnir og hryðjuverk og tengdar ógnir sem geta varðað bandalagið. Formennskan færir árlega á milli 28 aðildarríkja bandalagsins og eiga yfirmenn öryggismála sæti í nefndinni. Ásamt ríkislögreglustjóra störfuðu Sigríður Björk Guðjónsdóttir lögreglustjóri og Jón F. Bjartmarz yfirlögregluþjónn að verkefnum vegna þessa.



Myndin er tekin 10. mars 2010 við höfuðstöðvar NATO og sýnir íslensku sendinefndina ásamt Þorsteini Ingólfssyni, sendiherra Íslands hjá NATO.

Greiningardeild

Greiningardeild ríkislögreglustjóra rannsakar landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess og leggur mat á skipulagða glæpastarfsemi og hættu á hryðjuverkum. Starfssvæði deildarinnar er landið allt. Hlutverk hennar, samkvæmt reglugerð nr. 404 frá 8. maí 2007, er að annast verkefni á sviði öryggismála sem meðal annars felast í rannsóknum, vinnslu á aðgerðamiðuðu greiningar- og áhættumati og stefnumiðuðum greiningum.

Greiningardeild ríkislögreglustjóra annast einnig alþjóðlegt samstarf við borgaralegar öryggisstofnanir annarra landa. Deildin veitir ráðgjöf um viðbúnað sem hefur þýðingu fyrir hagsmuni ríkisins og þjóðhagslega mikilvæga starfsemi.

Deildin tekur þátt í undirbúningi aðgerða til stuðnings lögreglunni í landinu og aflar upplýsinga í málum sem tengjast öryggi ríkisins. Þá er deildinni ætlað að veita lögregluliðum aðstoð vegna landamæravörslu og taka þátt í neyðaráætlanagerð almanna- og greiningardeild tekur einnig þátt í aðgerðastjórn ríkislögreglustjóra vegna sérstakra verkefna. Lög um meðferð sakamála gilda um rannsóknaraðferðir og starfsheimildir greiningardeildar og hefur hún því ekki víðtækari úrræði en lögregla hefur almennt.

Auk fastra verkefna vann greiningardeild fjölmargar áhættugreiningar, matsskýrslur og greinargerðir á árinu 2009 auk annarra tilfallandi verkefna á sviði öryggismála, svo sem matsskýrslur um skipulagða glæpastarfsemi í samvinnu við aðrar Norðurlandþjóðir og einnig Europól.

Greiningardeild hefur fasta tengiliði hjá öllum lögregluembættum landsins, sem og Landhelgisgæslu Íslands og tollstjóranum í Reykjavík, í því skyni að tryggja boðskipti og upplýsingamiðlun.

Sérsvait

Vegna hagræðingarkröfu á embættið og lægri fjárheimilda var niðurskurður hjá sérsvait eins og öðrum deildum embættisins. Vegna þessa hefur ekki verið ráðið í átta stöður eins að var stefnt.

Heildarfjöldi allra verkefna hjá sérsvaitinni var 4601. Almenn lögregluverkefni voru 3537 og umferðarverkefni 823. Sérsvaitarverkefni voru 241, þar af 68 vopnuð. Ýmsar deildir lögreglu hjá lögregluembættunum voru aðstoðaðar í 78 tilfellum vegna sérstakra verkefna. Sprengjusérfræðingar sérsvaitarinnar sinntu 12 verkefnum og kafarar sérsvaitarinnar sinntu 7 verkefnum vegna leitar að týndu fólki og að sönnunargögnum í sakamálum.

Sérsvaitin sinnti 33 verkefnum þar sem tilkynnt var um einstaklinga vopnaða hnífum, 42 verkefnum þar sem tilkynnt var um einstaklinga vopnaða skotvopnum og 3 verkefnum þar sem tilkynnt var um annan vopnaburð. Öryggisgæsluverkefni voru 31. Þá sinnti sérsvaitin öryggiseftirliti í 1167 tilfellum. Í janúar sinnti sérsvaitin öryggisgæslu vegna æðstu stjórnar ríkisins og lagði einnig til mannskap og búnað vegna lögregluaðgerða undir stjórn lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu í tengslum við mótmæli í miðborg Reykjavíkur.

Sérsvaitin annaðist 35 fræðslu- og þjálfunarverkefni hjá lögregluembættunum, lögregluskólanum, slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, tollstjóranum, Siglingastofnun, starfsfólki stjórnarráðsins og innlendum flugfélögum. Í maí fór fram hér á landi vinnufundur og æfingar allra lögreglusérsvaita á Norðurlöndunum en 20

sérsvaitarmenn sóttu vinnufundinn og æfingarnar og aðstoðaði Landhelgisgæsla Íslands við framkvæmd nokkurra æfinga.

Öryggismál

Lögreglan annaðist öryggisgæslu og umferðarfylgd vegna 16 opinberra heimsókna og alþjóðlegra funda. Umfangsmestu verkefni voru vegna Málstofu íslenskra stjórnvalda og NATO um öryggi á norðurslóðum, hnattvæðingarþings og fundar forsætisráðherra Norðurlandanna, sem haldinn var á Egilsstöðum.

Tafla 6. Fjöldi heimsókna erlendra fyrirmenna til Íslands 2008

Mánuður	Nafn og titil/efni	Fylgdarmenn
Janúar	Málstofa íslenskra stjórnvalda og NATO um öryggi á norðurslóðum	300
Febrúar	Hnattvæðingarþing, allir norrænu forsætisráðherrarnir	100
Mars	Sendiherra Ísraels	1
Maí	Ráðherrafundur Evrópuráðsins Utanríkisráðherra Sameinuðu arabísku furstadæmanna	250 21
Júní	Sendiherra Ísraels Fundur utanríkisráðherra Norðurlandanna Fundur forsætisráðherra Norðurlandanna Fundur dómsmálaráðherra Norðurlandanna	1 20 32 15
Júlí	Ráðherra Evrópumála frönsku ríkisstjórnarinnar	8
Ágúst	Framkvæmdastjóri NATO Fundur utanríkisráðherra Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna	9 27
September	Utanríkisráðherra Spánar	6
Október	Landsstjóri Kanada Lögmaður Færeyja	8 5
Nóvember	Sendiherra Ísraels	1



Stjórnsýslusvið

Afbrotatölfræði

Innan stjórnsýslusviðs ríkislögreglustjóra er unnin afbrotatölfræði. Megintilgangurinn er að upplýsa lögreglu, ráðuneyti, stofnanir, fjölmiðla og ekki síst almenna borgara um fjölda brota. Gefin er út ársskýrsla þar sem fjallað er um fjölda afbrota árið á undan og eru þær niðurstöður bornar saman við þróun undanfarinna ára. Að auki eru gefnar út mánaðarskýrslur þar sem litið er til fjölda brota í helstu brotaflokkum auk þess sem fjallað er um málefni sem tengjast líðandi stundu. Fyrir utan reglubundin verkefni er sinnt upplýsingagjöf til annarra ríkisstofnana, fjölmiðla, nemenda og annarra deilda innan embættisins. Ýmsar samantektir eru unnar, bæði styttri og lengri. Þar er sjónum ýmist beint að tilteknu afmörkuðu málefni og það krufið til mergjar eða gerðar samantektir um stærri málaflokka. Aukinn þungi er á alþjóðlegu samstarfi um leiðir til upplýsingaöflunar fyrir ýmis alþjóðleg samtök, svo sem Eurostat, Interpol og Europol.

Reynsla landsmanna af afbrotum og viðhorf til lögreglunnar

Í löggæsluáætlun 2007-2011 er kveðið á um að lögreglan meti störf sín og árangur í ljósi kannana á öryggistilfinningu borgaranna, viðhorfi þeirra til lögreglunnar og reynslu almennings af afbrotum. Ríkislögreglustjóra var falið að hafa umsjón með framkvæmd þessara kannana og var önnur könnunin gerð í apríl 2009. Sem fyrr stóðu embætti ríkislögreglustjóra og lögreglan á höfuðborgarsvæðinu sameiginlega að könnuninni, bæði hvað varðar þróun og kostnað. Skýrsla með niðurstöðum kom út í júlí 2009.

Helstu niðurstöður eru að um 92% svarenda telja að lögreglan vinni nokkuð gott eða mjög gott starf. Þetta er um 4% aukning frá árinu 2007. Um 79% svarenda sem tilkynnt höfðu afbrot voru frekar eða mjög ánægðir með þjónustu lögreglunnar, en árið 2007 var hlutfallið 74%. Um 30% svarenda sáu lögreglumann eða lögreglubíl í sínu byggðarlagi oft á dag, daglega eða nær daglega, sem er um tveggja prósentustigja fækkun frá árinu 2007.

Mannauðskerfið og starfsmannastefnan

Fulltrúar ríkislögreglustjóra unnu náið með nefnd um mannaússtjórnun í ríkisstofnunum á árinu. Unnin var ítarleg greinargerð fyrir nefndina þar sem þarfir lögreglunnar í starfsmannamálum voru útlistaðar, tillögur lagðar fram um útfærslu á aðgangsheimildum og drög að áætlun um innleiðingu mannaúshlutans innan lögreglunnar lögð fram. Unnið var að því að ljúka við breytingar á nýju ráðningakerfi og var það tekið í notkun fyrir lok árs. Áætlað var að ljúka við gerð sjálfsafgreiðslunnar fyrir lok árs 2009 en það tókst ekki. Í sjálfsafgreiðslukerfinu hafa starfsmenn yfirsýn yfir öll starfstengd gögn og upplýsingar er þeim tengjast.

Í lok árs skipaði ríkislögreglustjóri starfshóp til að endurskoða starfsmannastefnu lögreglunnar. Formaður starfshópsins er Ólafur Örn Bragason sálfræðingur en fulltrúar frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Landssambandi lögreglumanna, Lögreglustjórafélaginu og Lögregluskóla ríkisins eiga þar sæti. Starfshópnum var falið að endurskoða starfsmannastefnu lögreglunnar, leggja mat á innihald núverandi stefnu og eftir atvikum að leggja fram tillögur til breytinga á stefnunni. Áætlað er að starfshópurinn ljúki vinnu sinni á árinu 2010.

Skilgreining á grunnþjónustu lögreglunnar

Í lok júlí fól dóms- og kirkjumálaráðherra embætti ríkislögreglustjóra að vinna að skilgreiningu á grunnþjónustu lögreglunnar sem unnt væri að nota sem grundvöll við ákvörðun á inntaki lögreglustarfsins, áætlun um mannaflapörf í umdæmum o.fl. Þann 14. október var skýrslan kynnt ráðherra. Í skýrslunni kemur fram að um lögregluna og störf hennar er fjallað í um 300 lögum og reglugerðum og eru viðfangsefni hennar á stigi grunnþjónustu 384 talsins. Í skýrslunni og á geisladisk sem fylgir henni er leitast við að draga þessi atriði fram og gera hverju og einu skil í fáum orðum með vísan til þess í hvaða lögum eða reglugerðum þau eiga sér stoð. Samkvæmt þessu fær mest vægi að gætt sé almannaöryggis og haldið uppi lögum og reglu en aðstoð við önnur stjórnvöld og stofnanir, sem hafa með höndum verkefni er tengjast starfssviði lögreglunnar, fá minnst vægi. Fremst í forgangsröðinni skipast störf almennrar lögreglu með því að bregðast við tilkynningum um brot og neyð og fjarskiptamiðstöðvar ríkislögreglustjóra með því að taka við þessum tilkynningum, koma þeim á framfæri við hlutaðeigandi lögreglulið og eftir atvikum að stýra aðgerðum lögreglunnar á vettvangi. Um hlutverk og skyldur lögreglunnar er í þessu samhengi einkum litið til 2. mgr. 1. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996.

Jafnréttis- og framkvæmdaáætlun lögreglunnar

Í febrúar tók gildi jafnréttis- og framkvæmdaáætlun fyrir lögregluna sem gefin var út af ríkislögreglustjóra. Samhliða tók til starfa sérstök jafnréttisnefnd innan lögreglunnar sem skipuð var af ríkislögreglustjóra en með þessari skipan ber ríkislögreglustjóri ábyrgð á framgangi jafnréttismála en lögreglustjórar bera ábyrgð á framkvæmd jafnréttisáætlunar, hver hjá sínu embætti.

Vinna á sviði jafnréttismála innan lögreglunnar hefur farið hægar af stað en lagt var upp með en til stendur að veita upplýsingar og halda utan um verkefni á innri vef embættisins. Í febrúar var haldið námskeið í jafnréttismálum fyrir jafnréttisnefnd og jafnréttisfulltrúa embætta. Unnið hefur verið að frekari útfærslu nýs skipulags og söfnun kyntengdra upplýsinga innan lögregluembættanna. Á árinu 2009 barst eitt formlegt erindi frá lögregluembætti til jafnréttisfulltrúa og leitað var ráðgjafar hjá fulltrúa í tveimur tilfellum.

Skipulag forvarnamála

Í febrúar 2009 birti ríkislögreglustjóri úttekt á forvarnamálum lögreglunnar. Helstu niðurstöður voru þær að lögregluembættin nálgast forvarnamál á nokkuð ólíkan hátt. Segja má að viðfangsefnið sé það sama: fræðsla um skaðsemi fíkniefna, fræðsla um hættur í umferðinni, bætt ímynd lögreglunnar og svo áherslan á að koma í veg fyrir afbrot. Umfang forvarnastarfs lögregluembættanna er erfitt að meta og ekki er hægt að segja að boðið sé upp á sambærilega þjónustu hjá öllum embættum. Svör lögreglustjóra gáfu tilefni til þess að ríkislögreglustjóri endurskoðaði skipulag lögreglunnar í forvarnamálum.

Ríkislögreglustjóri skipaði í kjölfarið starfshóp til að útfæra tillögur að skipulagi fyrir forvarnamál lögreglunnar til næstu þriggja ára. Við gerð tillagna að skipulagi forvarnamála skyldi starfshópurinn huga að (1) hlutverki lögreglunnar í forvarnamálum, sbr. ákvæði í lögreglulögunum, (2) markmiðum stjórnvalda í forvarnamálum lögreglunnar, sbr. áherslur í löggæsluáætlun 2007-2011, (3) framtíðarhlutverki og ábyrgð embættanna í nýju skipulagi, þ. á m. embættis ríkislögreglustjóra og Lögregluskóla ríkisins, og (4) athugasemdum og ábendingum sem fram koma í úttekt ríkislögreglustjóra á forvarnamálum lögreglunnar sem kom út í febrúar 2009.

Í lok árs skilaði starfshópurinn skýrslu sem tekur mið af hugmyndafræði gæða- og verkefnastjórnunar. Lögð er áhersla á að skilgreina og skrásetja hlutverk og ábyrgð lögregluembættanna og samstarfs- og hagsmunaaðila á þessu sviði. Jafnframt er lögð áhersla á skýra stefnumótun, markmiðasetningu og verkefnaval svo að samstarf og samræmi sé á meðal lögregluembættanna um framkvæmd og uppgjör verkefna.

Forvarnir, rannsóknir og samstarf

Fulltrúi embættisins sat í Saman-hópnum líkt og undanfarin ár en þátttakan er einn af snertiflötum lögreglu til að fylgjast með og taka þátt í forvarnastarfi sem snertir börn og ungmenni. Saman-hópurinn hefur verið starfræktur frá áramótunum 1999-2000 en í honum eru fulltrúar ýmissa félagssamtaka, stofnana og bæjarfélaga sem flestir starfa á sviði forvarna og við málefni barna og ungmenna. Markmið hópsins er að styrkja foreldra í uppeldishlutverkinu, vinna gegn áhættuhegðun barna og unglinga og vekja athygli á þeim hættum samfélagsins sem vinna gegn velferð barna og unglinga, svo sem áfengi, tóbaki og öðrum vímugjöfum. Jafnframt er markmið hópsins að efla samtakamátt og samstarf þeirra sem vinna að forvörnum en hópurinn heldur m.a. úti vefsíðunni www.samanhopurinn.is.

Á árinu 2009 var unnið að margvíslegum verkefnum sem hvetja eiga til samverustunda foreldra og barna. Sem dæmi um slíkt má nefna að foreldrum

barna sem voru að ljúka námi í 10. bekk voru send póstkort að vori og bæklingur að hausti til að minna þá á ábyrgð á börnunum til 18 ára aldurs og gildi þess að sýna umhyggju, aðhald og eftirlit á framhaldsskólaárum. Einnig var öllum börnum í 4. og 5. bekk gefinn spilastokkur með heilræðum til barna og foreldra um mikilvægi samverustunda.

Septembarmánuður var tileinkaður verkefninu Göngum í skólann og hófst það formlega með nemendum úr Flóaskóla í Flóahreppi að viðstöddum Ólafi Helga Kjartanssyni lögreglustjóranum á Selfossi, Guðna Ágústssyni fyrrum ráðherra, Kristínu Sigurðardóttur skólustjóra, Hafsteini Pálssyni formanni almenningsíþróttasviðs ÍSÍ og fleirum í nágrenni skólans. Lögreglan er þátttakandi í þessu verkefni og leggur sérstaka áherslu á eftirlit með umferð í nágrenni við skóla þar sem búast má við auknum fjölda barna gangandi til og frá skóla á þessum tíma.



Félagastuðningur

Á árinu 2009 luku síðustu embættin við innleiðingu á verklagi félagastuðnings og starfar því lögreglan í heild eftir verklagi félagastuðnings. Árið 2009 var fyrsta ár samnings við sálfræðistofuna Líf og sál um sálfræðipjónustu við lögreglumenn. Með samningnum var hægt að tryggja nauðsynlegan stuðning við félagastuðningskerfið, m.a. með skjótu aðgengi að sálfræðiviðtölum og úrvinnslufundum. Alls sóttu 25 lögreglumenn viðtöl hjá sérfræðingum á sviði streitustjórnar og sálræns stuðnings hjá Líf og sál, sálfræðingi hjá embætti ríkislögreglustjóra og öðrum sjálfstætt starfandi sálfræðingum.

Um mitt árið var skipaður stýrihópur til að styðja við innleiðingu félagastuðnings. Auk ríkislögreglustjóra eiga sæti í stýrihópnum fulltrúar Lögreglustjórafélagsins, Landssambands lögreglumanna, Lögregluskóla ríkisins, Lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins og Lögreglustjórans á Selfossi. Hópurinn gerði m.a. tillögur að stuðningi við lögreglumenn sem verða gjaldþrota auk átaks í kynningu á verkefninu.

Á árinu 2009 voru haldin tvö tveggja daga námskeið í samstarfi við Lögregluskóla ríkisins til að þjálfa starfandi lögreglumenn í að veita félagastuðning. Aðalfyrirlesari var sálfræðingurinn Elías Kristjánsson sem starfar sem yfirsálfræðingur í áfallahjálparteymi í Herning í Danmörku. Einnig voru sálfræðingarnir Einar Gylfi Jónsson og Ólafur Örn Bragason með erindi. Alls sóttu 32 lögreglumenn námskeiðið frá lögregluembættum víðs vegar um landið.

Málþing ríkislögreglustjóra um framtíðarskipan lögreglunnar

Í kjölfar fundaherferðar ríkislögreglustjóra með starfsmönnum lögregluembætta landsins efndi ríkislögreglustjóri til málþings um framtíðarskipan lögreglumála sem haldið var þann 12. maí 2009. Mikil vinna var lögð í undirbúning þess og var náíð samráð haft við Landssamband lögreglumanna, Lögreglustjórafélagið, Yfirlögregluþjónafélagið, Ákærendafélagið, Félag íslenskra rannsóknarlögreglumanna og Lögregluskóla ríkisins. Afrakstur málþingsins voru tugir tillagna um breytt og bætt skipulag lögreglunnar, starfsmannahald og framtíð ákærvalds. Tillögurnar voru afhentar dómsmálaráðherra þann 9. júní 2009.

Helstu niðurstöður:

Skipulag lögreglunnar

- Fækka í 6 embætti eða gera lögregluna að einu embætti.
- Aðskilja lögreglustjórn frá sýslumönnum, eins og það er á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum.
- Sameina starfsmannamál, bókhald og launamál og búa til eina miðlæga mannauðsskrifstofu fyrir lögregluna.

Starfsmannamál

- Fækka stjórnendum með fækkun embætta.
- Endurmeta og endurskilgreina starfsstig (hugsanlega fækka þeim).
- Meta hvort leggja eigi niður stjórnendastöður þar sem menn eru að komast á eftirlaun – bjóða hugsanlega starfslokasamninga.

Fyrirkomulag lögreglurannsóknna, rannsóknardeilda og ákærvalds

- Ekki er tímabært að breyta skipan ákærvalds en mikilvægt er að endurmeta tengsl ákærvalds og lögreglustjórnar – skoða m.a. hvernig til hefur tekist á Norðurlöndum.

- Landsbyggðarumdæmin þurfa að fá þjálfun og betri aðgang að aðstoð við rannsókn erfiðari mála.
- Skoða viðtækari sameiningu á sviði efnahagsbrota, þ.e. að viðeigandi eftirlitsstofnanir verði að hluta til eða öllu leyti færðar undir sama hatt og efnahagsbrotadeild og sérstakur saksóknari.

Samstarf við sveitarfélög

Embætti ríkislögreglustjóra hefur unnið náið með fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga að endurskoðun viljayfirlýsingar á samstarfi lögreglu og sveitarfélaga. Sú vinna var komin í ákveðinn farveg þegar dómsmála- og mannréttindaráðherra skipaði starfshóp í júlí 2009 sem vinna átti tillögur um sameiningu lögregluembætta. Þegar sá starfshópur hafði skilað af sér í byrjun nóvember funduðu fulltrúar ríkislögreglustjóra og Sambands íslenskra sveitarfélaga um stöðuna. Ákveðið var í kjölfarið að leggja fram sameiginlega breytingartillögu að frumvarpsdrögum ráðherra sem lágu fyrir þá en þau sneru að samstarfi lögreglu og sveitarfélaga. Lagt var til að breyta ákvæði 12. gr. lögreglulaga á þann veg að fleiri en ein samstarfsnefnd gæti starfað í lögregluumdæmi. Áætlað er að ljúka við gerð viljayfirlýsingar um leið og frumvarp dómsmála- og mannréttindaráðherra um fækkun lögregluembætta verður samþykkt.

Samstarf við Lögregluskólann

Samstarf ríkislögreglustjóra og Lögregluskóla ríkisins er náið og snýr að mörgum ólíkum sviðum lögreglustarfsins. Samstarfið var þó ekki eins umfangsmikið og það hefur verið undanfarin ár, m.a. vegna færri námskeiða. Auk þess reyndi ekki á störf valnefndar á árinu þar sem ekki var auglýst eftir nemum í grunnám skólans. Meðal þess sem hæst bar á síðasta ári var viðamikið námskeið um málefni útlendinga en Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) sendi af því tilefni fyrirlesara sem vinnur hjá þeirri deild ÖSE sem berst gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Starfsfólk ríkislögreglustjóra var meðal leiðbeinenda á námskeiðinu.

Ýmsir starfsmenn ríkislögreglustjóra kenna við grunn- og framhaldsdeild skólans auk þess sem skólinn sér um kennslu á tækjum sem ríkislögreglustjóri hefur innleitt í starfsemi lögreglunnar. Má sérstaklega nefna í því sambandi Indico-upptökubúnaðinn (yfirheyrslubúnað með hljóði og mynd) og Evidenzer-öndunarsýnatakaíð (sem mælir alkóhólþéttni í útöndunarlofti). Þá er þess að geta að á fyrstu önn grunnnáms fá nemendur fyrirlestraröð um streitu- og tilfinningastjórnun sem sálfræðingur embættisins stýrir. Markmiðið með fyrirlestraröðinni er að búa lögreglunema undir að takast á við erfiðar tilfinningar og hugsanir sem þeir geta upplifað í lögreglustarfinu.

Starfshópur um málefni framhaldsdeildar fundaði tvisvar á árinu. Ræddar voru margar hugmyndir um námskeið og fyrirkomulag þeirra á fundunum, eins og aksturnámskeið (AMF) og námskeið um valdbeitingaraðferðir. Einnig var rætt um stöðu löglærðra fulltrúa og möguleika þeirra til að sækja námskeið hjá Lögregluskólanum, tímastjórnunarnámskeið fyrir rannsóknara, þjálfun í stjórnun fyrir millistjórnendur, námskeið um siðferði, félagastuðning, málaskrá lögreglunnar og margt fleira.



Rannsókn á heimilisofbeldi

Um sumarið 2008 hófst samstarfsverkefni milli ríkislögreglustjóra og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu sem sneri að rannsókn á heimilisofbeldi. Áætlað var að ljúka við verkið árið 2009 en það tókst ekki. Í rannsókninni eru tilvik heimilisofbeldis skoðuð nákvæmlega sem tilkynnt voru lögreglu, kortlagðar aðstæður á vettvangi, ástand gerenda og þolenda og tengsl þeirra á milli. Einnig var litið til fyrri brota gerenda.

Afbrotavarnaráð Norðurlandanna

Afbrotavarnaráð Norðurlanda hélt sinn árlega fund í Færeyjum í maí 2009. Fulltrúi ríkislögreglustjóra í afbrotavarnaráðinu sótti ekki fundinn að þessu sinni vegna niðurskurðar í rekstri embættisins. Áætlað var að halda fundinn á Íslandi árið 2010 en ekkert verður af því af sömu ástæðum. Ríkislögreglustjóri telur mikilvægt að halda góðum tengslum við fulltrúa afbrotavarnaráðsins meðan efnahagsástandið er eins og það er. Markmið embættisins er að taka upp nánara samstarf um leið og svigrúm gefst til þess. Mjög mikilvægt er að þessar fimm nágrannaþjóðir séu í góðum tengslum varðandi aðferðir og þróun í afbrotavörnum.

ID-nefndin (kennslanefnd), tæknimálefni og lögreglukerfið

Ný reglugerð, nr. 350 17. mars 2009, var sett um kennslanefnd. Núverandi nefnd var skipuð af dóms- og kirkjumálaráðuneyti frá 1. júní 2008 til þriggja ára. Á árinu var árlegur norrænn kennslanefndafundur haldinn í Noregi. Hann var ekki sóttur af Íslands hálfu. Engin mál komu til nefndarinnar á árinu.

Tæknimál

Tæknistofa hafði sem fyrr milligöngu um útvegum og uppsetningu Indico-upptökubúnaðar fyrir hljóð og mynd í yfirheyrslum og viðtölum hjá þeim embættum sem þess óskuðu. Í árslok hafa eftirtalin embætti fengið Indico-upptökubúnað: Lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, Lögregluskóli ríkisins, ríkislögreglustjóri, Akranes, Stykkishólmur, Vestfirðir, Akureyri, Seyðisfjörður, Eskifjörður, Vestmannaeyjar, Selfoss og Suðurnes, auk embættis sérstaks saksóknara, skattrannsóknarstjóra og Barnahúss.

Tíu lögregluembætti hafa Evidenzer-öndunarsýnatæki í notkun, auk þess sem Lögregluskóli ríkisins hefur tæki til kennslu. Tæknistofa annast eftirlit og prófanir með tækjunum.

Vinnuhópur um lögreglukerfið

Starfræktur er þverfaglegur vinnuhópur um lögreglukerfið sem samanstendur af starfsmönnum ríkislögreglustjóra, lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, lögreglu Suðurnesja og ríkissaksóknara. Hópurinn hittist reglulega og er hlutverk hans að tryggja gæði skráningar í málaskrá lögreglunnar. Ef ábendingar berast um þörf á breyttri skráningu er tekin afstaða til þess innan hópsins. Einnig er þess gætt að breytingar hafi ekki áhrif á úrvinnslu gagna úr málaskrá.

Lögregluhundur

Á árinu 2009 var sporleitabjálfun bætt við fíkniefnaleitarbjálfun flestra lögregluhunda en hún eykur notkunarmöguleikana enn frekar. Teymi hundabjálfa og lögregluhunda unnu ötullega að eftirliti og fíkniefnalöggæslu hjá embættum sínum og komu þau m.a. að fjölda fíkniefnaleita sem ýmist voru tilkomnar vegna eftirlits eða rannsóknar fíkniefnabrota. Teymin komu að eftirliti og fíkniefnalöggæslu á flestum bæjarhátíðum og eftir atvikum öðru skemmtanahaldi, löggæslu- og forvarnarverkefnum. Áfram var unnið að því að styrkja heildarskipulag og starfsemi og viðhalda þeim gæðaviðmiðum sem sett hafa verið, t.a.m. með markvissri viðhaldsbjálfun og úttektum. Embætti og bjálfarar lögregluhunda áttu árangursríkt samstarf við önnur lögregluembætti, tollgæslu, Fangelsismálastofnun og aðrar stofnanir og fyrirtæki.

Fíkniefnalöggæsla

Líkt og á fyrri árum var unnið að margs konar verkefnum og úttektum er tengjast fíkniefnalöggæslu og fíkniefnarannsóknum ásamt skráningu og meðferð lögreglu á haldlögðum fíkniefnum. Vegna samdráttar í rekstri embættisins var ekki unnt að veita lögregluembættunum jafn mikinn stuðning og áður hefur verið gert til að efla fíkniefnalöggæslu vegna einstakra atburða, t.a.m. vegna bæjarhátíða. Um verslunarmannahelgina stóð ríkislögreglustjóri fyrir umfangsmiklu eftirliti með sölu, meðferð og neyslu ólöglegra fíkniefna, í samvinnu við lögregluembætti landsins og tollgæslu.



Umferðarlöggæsla

Í mars 2009 voru endurnýjaðir samningar um sérstakt umferðareftirlit og sjálfvirkt hraðaeftirlit milli samgönguráðuneytis, Vegagerðarinnar, Umferðarstofu og ríkislögreglustjóra. Samningarnir gilda í tvö ár og eru hluti af umferðaröryggisáætlun stjórnvalda. Framlag til lögreglunnar er samtals 76 milljónir króna. Annar samningurinn tekur til aukins eftirlits lögreglu með ökuhraða, ölvunarakstri og annars hefðbundins eftirlits lögreglu með umferðinni. Hinn samningurinn varðar úrvinnslu sekta úr löggæslumyndavélum vegna hraðakstursbrota sem sýslumaðurinn á Snæfellsnesi annast.

Sumarið 2009 tóku 13 embætti þátt í sérstaka umferðareftirlitinu og vörðu þau samtals 7.638 klst. í eftirlitið. Eknir voru 209.370 km og skráð voru 3.242 hraðakstursbrot. Í heildina voru skráð 4.494 brot en þau voru meðal annars hraðakstursbrot, ökuskríteini var ekki meðferðis, viðkomandi hafði ekki ökuréttindi, ljósanotkun var ábótavant, bílbelti var ekki notað eða viðkomandi ökumaður var ölvaður undir stýri. Heildarkostnaður vegna eftirlitsins var tæpar 48 milljónir kr.

Varlega er hægt að áætla að sektir vegna hraðakstursbrota séu ekki undir 85 milljónum kr. og er þá tekið tillit til þess að um helmingur ökumanna nýti sér 25% afslátt með því að greiða sektina ásamt sakarkostnaði að fullu innan 30 daga. Um 1.200 annars konar brot voru skráð og má varlega áætla að sektarfjárhæð þeirra brota hafi ekki verið undir 15 milljónum kr.

Árið 2008 voru skráð 16.125 hraðakstursbrot með stafrænum hraðamyndavélum en árið 2009 voru þau 23.134, sem gerir um 44% fjölgun milli ára. Tekin var í notkun ein ný stafræn hraðamyndavél í október 2009 og eru þær þar með orðnar tíu. Varlega má áætla að sektir, sem stafrænar hraðamyndavélar skráðu á árinu 2009, séu ekki undir 500 milljónum kr. og er þá tekið tillit til þess að um helmingur ökumanna nýti sér 25% afslátt. Þessi upphæð miðast við meðalsekt sé 15 þúsund kr. Þegar hámarkshraði er 70 km/klst. og 30 þúsund kr. þegar hámarkshraði er 90 km/klst. Áætlað var að veita um 14 milljónum kr. á síðasta ári í kostnað vegna úrvinnslu sekta úr löggæslumyndavélum.

Um 80% allra sekta innheimtast, sem gerir um 400 milljónir kr. á ári. Um 10% sekta sem innheimtast ekki eru vegna bílaleigubíla og getur sá hluti numið yfir 50 milljónum kr. á ári sé miðað við árið 2009. Tekjur af sérstöku hraðaeftirliti og sjálfvirku hraðaeftirliti eru umtalsverðar. Umferð var meiri árið 2009 en árið 2008 skv. tölum frá Vegagerðinni. Umferðin var einungis 0,4% minni en árið 2007 sem var metár. Minniháttar slysum fækkaði árið 2009 frá árinu 2008 skv. tölum frá Umferðarstofu, alvarleg slys voru álíka mörg og árið 2008 en banaslysum fjölgaði.

Efnahagsbrotadeild og peningaþvættisskrifstofa

Á liðnum tveimur árum frá því að fór að halla undan fæti í efnahagslífinu frá ársbyrjun 2008 til loka árs 2009 hefur kærðum málum til efnahagsbrotadeildar fjölgað um 126%. Kærð mál til efnahagsbrotadeildar á árinu 2007 voru 59, á árinu 2008 voru þau 90 og á árinu 2009 voru þau 133. Krafa um aðhald í ríkisfjármálum hefur valdið því að ekki var hægt að bregðast við þörfum deildarinnar. Afleiðing þessa er að mál hafa safnast upp í nokkrum mæli þrátt fyrir ágæta frammistöðu starfsmanna hennar. Á árinu 2009 voru gefnar út fleiri ákætur en nokkurn tíma áður í sögu deildarinnar, eða 47.

Starfsmannavelta

Starfsmenn efnahagsbrotadeildar voru í lok ársins 12 og höfðu verið megnið af árinu en snemma árs hættu þrír rannsóknarlögreglumenn sem fóru til starfa hjá sérstökum saksóknara. Einn af reyndari ákærendum deildarinnar hætti störfum á árinu. Þrátt fyrir breytt umhverfi á vinnumarkaði er mikil eftirspurn eftir mönnum með reynslu af rannsókn og saksókn efnahagsbrota. Starfsmannavelta, sem fylgdi uppgangi ársins 2007, heldur áfram en það er þó ánægjulegra að sjá á eftir

starfsmönnum til rannsókna sakamála þar sem þekking þeirra og reynsla kemur að notum en til annarra verkefna. Neikvæð hlið þessa er að erfiðara er en ella að sinna þeim flóknu og mikilvægu verkefnum sem efnahagsbrotadeild hefur á sinni könnu með fullnægjandi hætti innan viðunandi tímamarka. Í árslok lá þó fyrir að starfsmönnum yrði fjölgað með tilflutningi innan embættisins þannig að þeir yrðu 14.

Verkefni efnahagsbrotadeildar

Verkefni efnahagsbrotadeildar eru í raun öll efnahagsbrot sem ekki verða beint rakin til hruns bankanna haustið 2008 og síðar. Þessi mál eru ekki síður alvarleg þótt þau hafi ekki verið framin í bankastarfsemi því að þau leiða mörg hver af hruni bankakerfisins með einum eða öðrum hætti. Má þar nefna stóraukinn fjölda alvarlegri skattsvikamála, brot gegn gjaldeyrishöftum sem leiddu af bankahruninu og mikinn fjölda skilasvikamála vegna undanskots eigna við gjaldþrot. Hluti þessara mála, eins og þau sem snerta gjaldeyrishöftin, eru bein afleiðing af hruninu.

Leiðbeiningar og reglur

Ríkislögreglustjóri gaf út tvennar verklagsreglur árið 2009 og komu ýmsir starfsmenn lögreglunnar að gerð þeirra.

Tafla 7. Útgefnar reglur ríkislögreglustjóra árið 2009

Nr. reglna	Heiti
1/2009U	Reglur um öndunarsýni
2/2009U	Reglur um vettvangsskýrslu lögreglunnar vegna brota á ákvæðum umferðarlaga, nr. 50/1987, og reglum settum samkvæmt þeim

